



186 Landbúnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR.

1. Inngangur.

- 1.1 Landbúnaðartrygging sem felur í sér lausafjártryggingu og ábyrgðartryggingu bænda, er ætluð bændum sem leggja stund á hefðbundnar búgreinar. Sérhæfðan búrekstur verður að vátryggja sérstaklega, svo sem loðdýra-, yl-, alifugla-, garð- og svínarækt.
- 1.2 Í þessum hluta skilmálanna eru sameiginlegir skilmálar sem eiga við báðar hinar sérgreindu vátryggingar.

2. Greiðsla iðgjalds.

- 2.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 2.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. (samkvæmt) 1. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 2.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 2.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 2.5 Falli vátrygging niður samkvæmt 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 2.6 Þegar iðgjald er reiknað af breytilegum stærðum (svo sem veltu, vinnulaunum, fjölda starfsmanna, véla eða tækja eða öðrum breytilegum stærðum) skal áætla iðgjald í upphafi vátryggingartímabils, en endanlegt iðgjald greiðist við lok þess. Innan eins mánaðar frá lokum vátryggingartímabilsins er vátryggðum skylt að láta félaginu í té allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar iðgjalds. Vanræki vátryggður að gefa upplýsingar í tæka tíð má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og og það telur sanngjarnt. Ef endanlegt iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald sem reiknað var, ber vátryggðum að greiða mismuninn innan viku frá því að þess er krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að útreikningur gat farið fram.
- 2.7 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

3. Iðgjaldabreytingar.

- 3.1 Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við vátryggingarfjárhæð hins vátryggða á hverjum tíma, sé eigi annars getið í vátryggingarskírteininu.
- 3.2 Félagið áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunariðgjald samkvæmt nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, breytingu á kaupmætti íslensku krónunnar og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótagrundvelli, ef þessi atriði virka ekki til breytingar á vátryggingarfjárhæð hins vátryggða. Slíkar breytingar veita hvorki vátryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar.

4. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

- 4.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. (grein) 2.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok



186 Landbúnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

tímabilsins.

- 4.2 Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur váttryggingartaki ekki sagt váttryggingarsamningnum upp á váttryggingartímanum til að flytja váttrygginguna til annars félagsins.
- 4.3 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

5. Svik og aðrar rangar upplýsingar.

- 5.1. Hafi váttryggingartaki við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 20. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 5.2. Veiti váttryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. váttryggingarsamningalaga.

6. Takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar.

- 6.1 Váttryggingin tekur ekki til tjóna sem hljóttast við eftirtalin tilvik:
 - a. stríð, óeirðir, upppot, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
 - b. tjón sem hljóttast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
 - c. eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð og aðrar náttúruhamfarir,
 - d. hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljóttast af völdum hryðjuverka.
- 6.2 Váttryggingin tekur ekki til:
 - a. rekstartaps eða annars óbeins taps,
 - b. taps eða tjóns, sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða hluta, af áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða sambands þess hvoru tveggja.
Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar hvort sem þær tengjast aldamótum eða öðrum tíma. Með **“tímaskráningu”** er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða sambandi þess hvoru tveggja.
Með **“búnaði”** er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t., en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).
Með **“kerfi”** er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

7. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 7.1. Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, og sé um að ræða aðra váttryggingu en ábyrgðartryggingu, er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.



186 Landbúnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

8. Breytt áhætta.

- 8.1 Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust:
- a. ef starfsemi hans eða vátryggt lausafé er flutt á annan stað en getið er í skírteininu,
 - b. ef aðrar breytingar, t.d. (til dæmis) varðandi gerð eða notkun vátryggðra eigna, sem auka hættu á tjóni, verða á starfsemi hans eða hlutum sem vátryggingin tekur til,
 - c. ef keypt er önnur vátrygging sem tekur til sömu áhættu,
 - d. ef fram koma athugasemdir frá skoðunarmönnum opinberra eftirlitsstofnana, t.d. Brunamálastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins, Neytendastofu og eldvarnareftirliti og byggingaryfirvöldum sveitarfélaga, um vanbúnað á vátryggingarstað sem ætla má að auki áhættu félagsins.
- 8.2 Félagið áskilur sér rétt til að segja vátryggingunni upp með 30 daga fyrirvara eða breyta vátryggingarkjörum ef einhverjar breytingar verða sem getið er í 1. mgr.
- 8.3 Láti vátryggður hjá líða að tilkynna breytingar skv. 1. mgr. getur hann misst rétt til vátryggingarbóta eftir reglum vátryggingarsamningalaga.

9. Varúðarreglur.

- 9.1 Vátryggðum ber að sjá svo um að allur umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum. Honum ber jafnframt að hlíta öðrum varúðarreglum sem settar eru sérstaklega hverju sinni. Brot gegn gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

10. Tilkynning um tjón og ráðstafanir til varnar tjóni.

- 10.1 Verði tjón sem talið er að vátryggingarskilmálar þessir taki til, skal vátryggingartaki og þeir, sem réttar njóta samkvæmt vátryggingarskírteini þessu, tilkynna það félaginu eins fljótt og auðið er. Sama gildir ef vátryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að vátryggingin nái til, verði gerð á hendur honum. Ennfremur skulu þeir gera allt sem í þeirra valdi stendur til að afstýra eða draga úr tjóninu. Hafi þeir af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast óhjákvæmileg. Vanræksla á þessum skyldum getur haft í för með sér skerðingu eða missi bóta.

11. Vátrygging hjá öðru félagi.

- 11.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga nr. (númer) 30/2004.

12. Vátryggingarfjárhæðir og verðtrygging.

- 12.1 Vátryggingarfjárhæðir, sem eru þær hámarksfjárhæðir sem félagið greiðir í bætur á hverju vátryggingartímabili, eru tilgreindar í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 12.2 Vátryggingarfjárhæðir, eigin áhætta og aðrar fjárhæðir, sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun til afmörkunar á ábyrgð félagsins, breytast einu sinni á ári við upphaf vátryggingartímabils í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

13. Greiðsla bóta og vextir.

- 13.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingarburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.
- 13.2 Hafi tjón verið bætt lækkar vátryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá þeim degi er vátryggingarburður varð til loka vátryggingartímabilsins. Vátryggður hefur þó rétt til að halda vátryggingarfjárhæð óbreyttri gegn því að greiða hlutfallslegt viðbótariðgjald.

14. Endurkröfuréttur.

- 14.1 Eigi vátryggður fébótarétt á hendur þriðja manni vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo



186 Landbúnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

miklu leyti sem það hefur greitt bætur. Félagið fær þó ekki slíkan endurkröfurétt á hendur starfsmönnum og fjölskyldu váttryggingartaka, nema þessir aðilar hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

15. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 15.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og um bótaskyldu má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 15.2 Þrátt fyrir úrræði samkvæmt 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingataka.
- 15.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

16. Lög um váttryggingarsamninga.

- 16.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

LAUSAFJÁRTRYGGING.

17. Þeir sem váttryggðir eru.

- 17.1 Váttryggingartaki er váttryggður. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum eða skráðum eignarréttindum í hinum váttryggðu eignum, nema sérstaklega hafi verið um það samið. Váttryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur niður við eigendaskipti. Váttryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

18. Tjónsorsakir sem váttryggingin bætir.

- 18.1 Váttryggingin bætir tjón á váttryggðum verðmætum af völdum eftirfarandi orsaka og eins og nánar greinir í 2. til 5. mgr. hér á eftir: eldsvoða, óveðurs, raflosts og umferðaróhapps.
- 18.2 **Eldsvoði.** Félagið bætir þó ekki tjón af eldi er ekki verður talinn eldsvoði, s.s. (svo sem) tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, línstrok, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast. Ekki bætast heldur tjón á rafmagnsvélum, leiðslum, þar með talin útvarps- og sjónvarpstæki, er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu, spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoði eða sé afleiðing eldsvoða. Þrátt fyrir það greiðist þó sem um eldsvoða væri að ræða ef fóður ofhitnar og/eða brennur (kolast) þótt eldur verði ekki laus.
- 18.3 **Óveður.** Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða sem verður af völdum óveðurs, þ.e. (það er) þegar vindur mælist yfir 28,5 m/sek. (metrar á sekúndu) skv. mælingu Veðurstofu Íslands, verði tjónið með þeim hætti að vindur rjúfi eða felli hús sem hið váttryggða er geymt í. Óveðurstjón á hinu váttryggða sem er úti bætast ekki. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu váttryggingarinnar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburður átti sér stað.
- 18.4 **Raflost.** Váttryggingin bætir tjón á váttryggðu búfé verði það fyrir raflosti og drepist.
- 18.5 **Umferðaróhapp.** Váttryggingin bætir tjón á váttryggðu búfé farist það af völdum umferðaróhapps, enda fáið tjónið ekki bætt af tjónvaldi eða úr ábyrgðartryggingu viðkomandi ökutækis.

19. Verðmæti sem váttryggingin tekur til.

- 19.1 Verðmæti sem váttrygging þessi tekur til eru:
 - a. búfé, hey og annað fóður samkvæmt upplýsingum úr forðagæsluskýrslum,
 - b. áhöld og tæki búans sem tilheyra hefðbundinni búfjárrækt.

20. Verðmæti sem váttryggingin tekur ekki til.

- 20.1 Váttryggingin tekur heldur ekki til eftirtalinna muna:



186 Landbúnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- a. lausafjár sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignar,
- b. skráningarskyldra vélknúinna ökutækja, skipa, báta eða loftfara.

21. Lausafé í eigu þriðja manns.

- 21.1 Ef váttryggingartaki ber skaðabótaábyrgð vegna skemmda á lausafé sem hann hefur í vörslum sínum og nýtir í eigin þágu en er í eigu þriðja manns, svo sem munir sem keyptir eru á kaupleigusamningum, tekur váttryggingin einnig til þess enda sé það ekki tryggt með annarri váttryggingu.
- 21.2 Reglur um váttryggingu undir verði (undirtryggingu) skv. 24. gr. gilda einnig um lausafé í eigu þriðja manns.

22. Lögjaldagrundvöllur.

- 22.1 Lögjaldagrundvöllur fyrir váttryggingartímabilið er annars vegar, að því er snertir heymagn og dýrafjölda, ákveðinn samkvæmt forðagæsluskýrslum og viðmiðunarverði frá Bændasamtökum Íslands og hins vegar, að því er snertir áhöld og tæki, ákveðinn 33% af verðmæti heymagns og dýrafjölda í forðagæsluskýrslu.

23. Váttryggingarverðmæti og ákvörðun bóta.

- 23.1 Váttryggingarverðmæti tækja og áhalda er raunvirði hins váttryggða á hverjum tíma. Váttryggingarverðmæti dýra og fódurs er í samræmi við viðmiðunarverð frá Bændasamtökum Íslands á hverjum tíma. Félagið greiðir þó tjónabætur í samræmi við raunverulegt magn fódurs og dýra á hverjum tíma, þrátt fyrir ákvæði 22. gr. skilmála þessara.
- 23.2 Sé váttryggður rekstraraðili, sem getur nýtt greiddan virðisaukaskatt vegna hinna váttryggðu muna sem innskatt í rekstri sínum, bætir félagið ekki þann hluta tjóns sem nemur virðisaukaskatti, hvort sem um er að ræða bætur fyrir algert tjón eða vegna viðgerðarkostnaðar.
- 23.3 Komi stolnir eða glataðir munir fram eftir að þeir hafa verið bættir af félaginu, skal váttryggður annaðhvort afhenda þá félaginu endurgjaldslaust, að svo miklu leyti sem þeir hafa verið bættir, eða endurgreiða bæturnar.
- 23.4 Minjagildi bætist ekki.

24. Váttrygging undir verði.

- 24.1. Sé váttryggingarfjárhæð lægri en váttryggingarverðmæti er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti.

25. Eigin áhætta váttryggðs.

- 25.1 Í sérhverju bótaskyldu tjóni á heyjum og öðru fóðri vegna kolunar ber váttryggingartaki eigin áhættu, sem nemur 10% af tjónsupphæð.

ÁBYRGÐARTRYGGING BÆNDA.

26. Inngangur.

- 26.1 Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Samkvæmt reglum skaðabótaréttar getur vinnuveitandi ennfremur orðið skaðabótaskyldur gagnvart þriðja manni vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna sinna.
- 26.2 Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir váttryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar og einnig greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.
- 26.3 Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber váttryggðum að leita samráðs við

186 Landbúnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga.

- 26.4 Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðbætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin bætir ekki.

27. Gildissvið ábyrgðartryggingarinnar.

- 27.1 Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar og ábyrgðin ekki víðtækari en samkvæmt skaðabótaábyrgð utan samninga.
- 27.2 Ef bótakrafa kemur fram gegn vátryggðum á því sviði sem vátrygging þessi nær til á félagið rétt á að reka málið fyrir hans hönd. Málskostnað greiðir félagið enda þótt málskostnaður og bætur samanlagt séu hærri en vátryggingarupphæðin. Sama máli gegnir um málskostnað sem vátryggður hefur sjálfur stofnað til með samþykki félagsins.

28. Tjón sem vátryggingin bætir ekki.

- 28.1 Vátryggingin bætir ekki tjón sem fjölskylda vátryggðs verður fyrir eða eigendur og fjölskyldur þeirra ef um firma er að ræða. Til fjölskyldu telst auk maka, barna og foreldra, kjör-, stjúp- og fósturbörn og foreldrar, svo og eftir atvikum sá aðili sem vátryggður býr með í föstu varanlegu sambandi.
- 28.2 Vátryggingin bætir heldur ekki tjón á munum sem vátryggður eða menn hans hafa að láni, að veði, til leigu, geymslu, flutnings, sölu, vinnslu, viðgerðar, hreinsunar, uppsetningar eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal tjón á munum er vátryggður eða menn hans hafa tekið ófrjálsri hendi. Ekki bætist heldur tjón á munum sem vátryggður hefur selt en ekki afhent.
- 28.3 Ábyrgðartryggingin bætir heldur ekki:
- tjón sem skyldutryggð flugvél eða skyldutryggt ökutæki veldur,
 - tjón á mönnum eða munum sem vátryggður á rétt á að fá bætt af annarri tryggingu,
 - tjón á eignum sem stafar af eldsvoða, reyk, sóti eða sprengingu,
 - sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál,
 - tjón á munum sem vátryggður hefur afhent eða afhentir eru fyrir hans reikning, að því leyti sem um er að ræða galla á hinum afhentu munum, vantarnir, drátt á afhendingu eða annað þess háttar,
 - tjón sem vátryggður veldur með því að framleiða, afhenda, flytja eða geyma sprengiefni, eitur eða aðrar álíka hættulegar vörur á óleyfilegan hátt, nema hann sanni að honum hafi ekki verið kunnugt um hvernig ástætt var,
 - endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum tryggingastofnunum,
 - eignatjón sem stafar af sprengingum, uppgreftri, aur- eða skriðuhlaupum, jarðsigi eða af því að stífla eða flóðgarður brestur,
 - tjón er verða vegna byggingarframkvæmda á fasteign sem vátryggður er eigandi að,
 - hvers konar tjón, beint eða óbeint, sem rekja má til asbests,
 - hvers konar tjón, beint eða óbeint af völdum perflúor-, perflúoralkýl- og pólýflúoralkýl- efna eða efnasambanda (PFAS) í hvaða formi sem er.

29. Takmörkun vátryggingarsviðs.

- 29.1 Bætur sem greiða ber af umsaminni atvinnuslysa- tryggingu koma að fullu til frádráttar ábyrgðartryggingarbótum. Sama gildir þótt umsamin atvinnuslysatrigging sé ekki fyrir hendi. Kaup sem vátryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða manni er orðið hefur fyrir slysi kemur að fullu til frádráttar frá ábyrgðar- tryggingarbótum.

30. Ábyrgð vegna afhentra muna.

- 30.1 Verði vátryggður bótaskyldur vegna hluta sem hann hefur afhent takmarkast bótaskylda félagsins, innan hvers vátryggingarárs, við vátryggingarupphæðina samkvæmt skírteini þessu, enda þótt um fleiri en eitt



186 Landbúnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

bótaskyld tjón af þessu tagi kunni að vera að ræða. Hafi váttryggðum verið kunnugt um þá eiginleika hlutarins sem tjóninu olli þegar hann afhenti hlutinn fellur bótaskylda félagsins niður.

31. Landfræðileg takmörk.

31.1 Váttryggingin gildir á Íslandi.

32. Tímatakmörk.

32.1 Komi afleiðingar athafnar eða athafnaleysis, sem tjón hefur hlotist af og átt hafa sér stað á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið bætur samt sem áður. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón sem er afleiðing athafna eða athafnaleysis fyrir þann tíma er váttrygging hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum. Leiki vafi á því hvenær athafnaleysi hefur valdið tjóni ber að telja það hafa orðið er athöfn hefði síðast getað farið fram til að afstýra tjóninu.

33. Eigin áhætta váttryggðs.

33.1 Af hverju tjóni sem fellur undir váttrygginguna ber váttryggður sjálfur 10% eigin áhættu, en með lágmarki og hámarki sem getið er í skirteini eða endurnýjunarkvittun. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættunnar greiðir félagið ekki heldur kostnað, þó að krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættunnar.

34. Réttur félagsins til að greiða beint til tjónþola.

34.1 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til tjónþola þegar váttryggður hefur verið gerður ábyrgur fyrir tjóni getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða þá váttryggingarupphæð sem gildir fyrir viðkomandi tilfelli og áfallinn kostnað.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 1. desember 2025.